

Sp.

160. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og undanfarin ár unnið að undirbúningi tillagna um fjárframlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins unnið með nefndinni að útvegum upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Veruleg hækkun hefur á árinu orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna, og er fjárhagur margra þeirra mjög þröngur. Ýmsar breytingar á samgöngum og flutningum innan einstakra héraða hafa einnig orðið flóabátunum í óhag. Samvinnunefndin hefur því ekki komið hjá að leggja til, að framlög til þeirrar þjónustu, sem hér er um að ræða, hækki nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs.

Um rekstur hinna einstöku flóabáta vill nefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Norðurlandsbátsins Drangs hækki úr 900 þús. kr. í 1200 þús. kr. Útgerðarmaður bátsins taldi sig þó þurfa töluvert meiri hækkun. Allhá erlend lán hvíla með miklum þunga á fyrirtækinu vegna byggingar skipsins. Var nefndin sammála um, að áherzlu bæri að leggja á að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagstæðari lán til þess að auðvelda rekstur skipsins.

Þá er gert ráð fyrir, að framlag til Strandabáts hækki um 30 þús. kr. Er þá enn miðað við, að báturinn haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eigi skemmri tíma en sex mánuði ársins.

Framlag til Haganesvíkurbáts er óbreytt, en framlag til Hriseyjarbáts hækkar um 5 þús. kr. Styrkur til flugsamgangna við Grimsey hækkar um 10 þús. kr., og styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda um 35 þús. kr., enda verði ferðum bátsins fjölgað í 3 á mánuði að meðaltali. Er gert ráð fyrir, að 10 þús. kr. af þeirri hækkun verði varið til þess að gera tilraunir með flugsamgöngur við eyna. Flugvöllur hefur verið gerður í Flatey, og er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til, að hann komi að gagni.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur og að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 140 þús. kr. Er það 10 þús. kr. lægra en heildarfjarveiting til bátsins var á s. l. ári, að meðtöldum styrk vegna vélakaupa. Eins og áður er lagt til, að 50 þús. kr. verði veittar til rekstrar snjóbifreiðar, sem heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur.

Nefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki allverulega, eða um 200 þús. kr. Hefur sérstaða hinna hafnlausu byggðarlaga í héraðinu fyrir löngu verið viðurkennd og nokkur styrkur veittur til flutninga þangað um hina löngu aðdráttaleið frá Reykjavík austur að Kirkjubæjarklaustri.

Þá er gert ráð fyrir, að framlag vegna vöruflutninga til Öræfa hækki um 10 þús. kr. Loks er lagt til, að styrkur vegna mjólkurflutninga til Vestmannaeyja verði 275 þús. kr. og hækki þar með um 75 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Afkoma Akraborgar, sem hf. Skallagrímur rekur og heldur uppi ferðum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness, hefur á þessu ári orðið mjög bágborin. Veldur þar aðallega um, að fyrirtækið hefur misst af áburðar- og mjólkurflutningum, sem gáfu því verulegar tekjur. Sótti stjórn Skallagríms nú um mikla hækkun ríkisstyrks, þar sem hún taldi sig sjá fram á stóraukinn hallarekstur skipsins á næsta ári.

Nefndin taldi, að ekki yrði hjá því komið að koma töluvert til móts við óskir Skallagríms um hækkaðan rekstrarstyrk. Leggur hún til, að styrkurinn verði hækkaður um 350 þús. kr., og flytur enn fremur sérstaka breytingartillögu við 22. gr. fjárlagafrumvarpsins, um, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða Skallagrími hf. 100 þús. kr. vegna óhjákvæmilegrar viðgerðar, sem fram á að fara á Akraborg á næsta ári. Nefndin telur, að nauðsynlegt sé að vinna að því, að m/s

Akraborg njóti framvegis þeirra flutninga, sem um er að ræða á farsvæði hennar, er fyrirtækið hefur nú nýlega misst. Væri æskilegt, að þau byggðarlög, sem skipið heldur fyrst og fremst uppi samgöngum fyrir, treystu samvinnu sína um rekstur þess.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flateyjarbáturinn „Konráð“ hefur nú verið dæmdur ósjófær, og er því óhjákvæmilegt að fá annan bát til þess að annast flóabátaferðir milli eyjanna við norðanverðan Breiðafjörð og þeirra landhreppa Barðastrandarsýslu, sem notið hafa ferða Konráðs. Hefur oddviti Flateyjarhrepps rætt við nefndina og skýrt henni frá því, að hreppsnefndin muni í samvinnu við önnur byggðarlög hafa forgöngu um kaup á nýlegum vélbáti, sem er 21 tonn að stærð. Er ekki fullgengið frá þeim kaupum, en oddvitinn taldi, að þau væru möguleg, ef 200 þús. kr. styrkur yrði veittur til kaupanna. Varð nefndin sammála um að verða við þeirri ósk. Hins vegar leggur hún til, að rekstrarstyrkur Flateyjarbáts á Breiðafirði verði óbreyttur frá því, sem var á þessu ári. Er innifalið í styrkuppþæðinni 20 þús. kr. framlag til ferða af Barðaströnd með beltadráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða.

Gert er ráð fyrir, að hinn nýi Stykkishólmbátur muni hefja ferðir fyrri hluta næsta árs. Var talið óhjákvæmilegt að hækka styrk til hans verulega. Leggur nefndin til, að hann hækki úr 975 þús. kr. í 1300 þús. kr., eða um 325 þús. kr.

Styrkur til Langeyjarnesbáts hækkar um 20 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að ferðum þess báts verði fjölgað nokkuð.

Vestfjarðasamgöngur.

Rekstur hins nýja Djúpbáts, sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, hefur gengið vel á þessu ári. Er lagt til, að rekstrarstyrkur hans hækki aðeins um 50 þús. kr.

Framlag til Dýrafjarðarbáts hækkar um 20 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að með því verði greiddur hluti kostnaðar vegna byggingar nausts og rafknúinna setningartækja fyrir ferjuna.

Framlag til Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts hækkar um 5000 kr. til hvors.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1965 kr. 7 632 000.00. Er það rúmlega 1.6 millj. kr. hærra en á árinu 1964. Þar að auki leggur svo nefndin til, eins og áður er getið, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða hf. Skallagrími 100 þús. kr. styrk vegna viðgerðar á m/s Akraborg, sem fram fer á næsta ári.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbáturinn Drangur	1200 þús. kr.
2. Strandabátur	190 — —
3. Haganesvíkurbátur	25 — —
4. Hriseyjarbátur	40 — —
5. Grímsey, vegna flugferða	35 — —
6. Flateyjarbátur á Skjálfanda	100 — —
7. Loðmundarfjarðarbátur	50 — —
8. Mjóafjarðarbátur	140 — —
9. Til snjóbifreiðar á Austfjörðum	50 — —
10. Til vöruflutninga á Suðurlandi	500 — —
11. Til vöruflutninga til Öræfa	150 — —
12. Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	275 — —
13. Hf. Skallagrímur — „Akraborg“	1600 — —
14. Mýrabátur	7 — —

15. Flateyjarbátur á Breiðafirði	310 þús. kr.
Sami vegna kaupa nýs báts	200 — —
16. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	1300 — —
17. Langeyjarnesbátur	80 — —
18. Djúpbátur — „Fagranes“	1300 — —
19. Dýrafjarðarbátur	35 — —
20. Patreksfjarðarbátur	25 — —
21. Skötufjarðarbátur	20 — —

Samtals 7632 þús. kr.

Alþingi, 12. des. 1964.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Magnús Jónsson.	Páll Þorsteinsson.
Guðlaugur Gíslason.	Bjartmar Guðmundsson.	Sigurvin Einarsson.
Björn Pálsson, með fyrirvara.	Björn Jónsson.	Ragnar Arnalds.
Ásgeir Bjarnason.	Sig. Ágústsson, með fyrirvara.	